

## Byltingarárin 1945–1970

Hér eru nokkur verkefni sem hægt er að móða úr, t.d. að láta nemendur velja sér eitt eða fleiri og vinna eina eða saman (paravinna).

### 1. verkefni

#### Samviska

Hún Snotra er móðir að Snató,  
en Snató er undan Plató.

Hann er skelfilegt svín,  
en þó skammast hann sín  
niðrí skott, ef við köllum hann Nató.

Þetta er fræg limra eftir **Þorstein Valdimarsson**. Í fyrstu virðist hún ofur sakleysisleg en sé hún lesin með tilliti til þjóðfélagslegrar umræðu á fimmta og sjötta áratugnum kemur annað í ljós.

- a. Útskýrðu limruna efnislega, útskýrðu sérnöfnin sérstaklega.
- b. Útskýrðu ádeiluna, mundu að tengja titil limrunnar við ádeilu.
- c. Limruna „ættleiddi“ höfundur inn í íslenskan kveðskap. Útskýrðu bragarhátt limrunnar.

## 2. verkefni

Prennt gerir ljóð mórernískt (sjá þriggja liða kvarðann á bls. 140–1). Skoðu eftirfarandi ljóð og svaraðu:

- Hvers vegna er ljóðið mórernískt?
- Hvaða stílbrögð er að finna í ljóðunum?

### Sorg

Pegar þjáningin ristir brjóst mitt  
verður mér fyrst ljóst hve stór  
gleði mín gæti verið.  
Milli hennar og mín  
er hið stutta  
ómælisdjúp.

(Vilborg Dagbjartsdóttir, 1960)

### Í skriðunni

Ég er steinn  
sem hrapaði úr fjallinu,

fyrst hægt,  
síðan hratt.

Harðar brúnir mínar  
tættu upp svörðinn,  
sundruðu mjúkri hlíðinni.

Ég stanzaði loks  
langt niðri í mýri.

Ég er steinninn sem hrapaði.

Þú ert grasið  
sem græddi slóð mína.

(Þorgeir Sveinbjarnason, 1965)

### Ísland

mold minnar  
hjartarótar

heiður himinninn  
yfir hvítu myrkrinu  
fyllist af hrísgrjónum

(Jónas Svafár, 1952)

### 3. verkefni

Lestu eftirfarandi ljóð og svaraðu:

- a. Hvert er yrkisefnið?
- b. Útskýrðu myndmál og önnur stílbrögð í ljóðinu.

#### I

Munnur þinn kemur  
inn í morgunbirtuna  
þar sem við hvílum saman  
eftir svarta nótt  
rauð lilja  
á lygnu straumvatni  
tandurhreinum læk  
langt innan úr skógi.

#### II

Rauð ferja  
á rjómalygnum sjó . . .  
Berst ég með henni áralaust til ókunnra  
skerja.

(Hannes Pétursson, 1959)

Lestu eftirfarandi ljóð og svaraðu:

- a. Hvert er yrkisefnið?
- b. Útskýrðu myndmál og önnur stílbrögð í ljóðinu.
- c. Útskýrðu ádeiluna í ljóðinu með tilliti til ritunartíma þess.

#### **Hermenn í landi mínu**

Í augum ykkar hef ég séð þá brjóta upp  
hurðina. Þeir eru komnir langt að til að  
frelsa heiminn.

Nei!

til að bera ranglætið inn í augu ykkar  
að það ljómi í sjálfu sér eins og maurildi  
þúsund smásynda. Ég hef séð þá brjóta upp  
hurðina og ryðja ófrelsinu inn um dyrnar  
og þið hélduð að það væru þreyttir  
ferðamenn að leita sér að næturstað.

(Jón Óskar, 1953)

- a. Hvað er líkt með þessum ljóðum eftir Hannes Pétursson og Jón Óskar?
- b. Hvað er ólíkt?

#### 4. verkefni

- a. Hver eru höfundareinkenni Stefáns Harðar Grímssonar? Teldu upp a.m.k. fimm atriði eftir að hafa lesið um hann í bókmenntasögu.
- b. Gerðu slíkt hið sama með Sigfús Daðason.

#### 5. verkefni

Farðu inn á Bókmenntavef Borgarbókasafnsins og punktaðu það helsta hjá þér sem sagt er um Vilborgu Dagbjartsdóttur, m.a. hvað hún skrifar, hvernig (höfundareinkenni), verðlaun sem henni hafa hlotnast o.s.frv.

#### 6. verkefni

- a. Settu þig í spor ungs skálds og reyndu að yrkja í anda nýjunga byltingaráranna, mórernískt ljóð. Þetta ljóð þitt færðu síðan birt í Lesbók Morgunblaðsins.
- b. Skrifaðu stutt lesendabréf (hámark 200 orð) sem kemur í Morgunblaðinu eftir útkomu lesbókarinnar og í bréfinu ertu að hneykslast á „ungu skáldunum sem ekki kunna að yrkja“.
- c. Lesendabréf þitt fær sterk viðbrögð. Eitt ungskáldið svarar því fullum hálsi. Hvaða rök notar hann til að sannfæra lesendur um að þú farir með vitleysu og ljóðið sé fullgilt ljóð en enginn leirburður?

## 7. verkefni

Sjá Höfundar nýju sögunnar – textadæmi (bls. 162–172).  
Veldu  **tvo**  höfunda og svaraðu.

### **Thor Vilhjálmsson:**

- a. Hvert er yrkisefnið í „Sjá hvað þú hefur gert“?
- b. Teiknaðu persónurnar sem lýst er í textadæmunum úr *Fljótt fljótt sagði fuglinn*.

### **Steinar Sigurjónsson:**

- a. Í textum Steinars er ekkert verið að nostra við tungumálið. Myndmál er hrátt, kaldranalegt og storkandi, stundum nánast viðbjóðslegt. Rökstyddu.
- b. Hvað er ljóðmælandinn að gefa í skyn um sjálfan sig í texta merktum 1?

### **Svava Jakobsdóttir:**

- a. Útvegaðu þér smásöguna „Saga handa börnum“ og lestu. Gerðu síðan góða grein fyrir ádeilunni sem þar er að finna. Komdu með dæmi úr sögunni máli þínu til stuðnings.
- b. Hvaða sérstöðu hefur Svava sem rithöfundur?

### **Guðbergur Bergsson:**

- a. Í bókmenntasögu er birtur texti úr tímamótaverkinu *Tómas Jónsson – metsölubók*. Hvað er nánar sagt um verkið á Bókmenntavef Borgarbókasafnsins.

## 8. verkefni

Um Guðberg Bergsson var sagt: (Hann) *gefur söguþræðinum á kjaftinn!* Hið sama mætti segja um Thor Vilhjálmsson og verk hans frá sama tíma. Rökstyddu þessa fullyrðingu með dæmum úr *Tómasi Jónssyni. Metsölubók* og sögubrotinu úr *Fljótt fljótt sagði fuglinn*.

## 9. verkefni

Æringjar þessa tímabils eru tveir, Dagur Sigurðarson og Jónas Svavar Einarsson (oftast nefndur Jónas Svafár). Hvað gerir þá að æringjum? Rökstyddu með dæmum og/eða tilvitnunum úr bókmenntasögu.